



á viðavangi

Mistök?

„Þegar útbod vegna rafmagnsvinnu við Kröflu fóru fram í marz 1976 kom langlægsta tilboðið frá Rafafli, sem er fyrirtæki í eigu forystumanna í Alþýðubandalagi og mjög hefur verið hampað á síðum Þjóðviljans. Tilboðið var upp á ca. 28.5 milljónir króna (en var síðan hækkad í 30.6 milljónir), en aðrir bjóðendur voru mun hærri og töldu raunar að engin leið væri að vinna verkið fyrir þetta verð. Enda gerðist það aldrei. Arni Brynjólfsson hjá Landsambandi rafverktaka skrifaði um það blaðagrein í nóvember síðastliðnum að þá, og þá væntanlega einhvern

tímann í haust, væri búid að greiða fyrirtækinu um tæpar 132 — eitt hundrad og þrjátíu og tvær — milljónir króna. Upplýsingar um það hvernig á þessum viðbótum stæði voru ærið dularfullar. Sumt var viðbót við samning, annað efniskaup, aukaverk, vinna fyrir verktaka og loks um þrjátíu milljónir í verðbætur. Einar Tjörvi, verkfræðingur við Kröfluvirkjun, hefur upplýst í blaðaviðtali, að aldrei hafi farið fram útbod vegna þessara „aukaverkefna“.

Þannig kemst hann Vilmundur okkar Gylfason að orði í Dagblaðinu sínu sl. föstudag.

Nú kann það að vera, að Vilmundur fari ef til vill ekki nákvæmlega með einstök atriði

og vera kann að tölur hafi eitt hvað skolazt til hjá honum. En fyrr má þó vera viðkoma krónunnar hjá því ötulna fyrirtæki Rafafli. Ef rétt er með farið er hér greinilega um að ræða alvarleg — og mjög kostnaðarsöm — mistök. Það skiptir ekki máli í því sambandi, hvort fyrirtækið hefur notað féð meðal annars til þess að fjárfesta í fyrri húsnæði Þjóðviljans og greiða þannig fyrir fjármögnun Miðgarðshússins frága — eins og Vilmundur fjölyrðir um í grein sinni.

Það sem skiptir almenning máli er um fram allt hitt: Hafa hér orðið mistök í útbodum og samningum? Hvernig stendur á þeim mistökum ef svo er? Er um það að ræða, sem er því miður allt of sjaldgæft, að einhverjir séu ábyrgðarmenn að mistökunum?

Að óreyndu hljóta menn að treysta því, að spurningum sem þessum verði fljótsvarað af hálfu þeirra sem um hafa vélað. Tæplega vilja þeir liggja undir á mæli Vilmundar Gylfasonar — eða hvað?

Það er síðan annað mál að þeir Alþýðubandalagsmenn eiga það sammerkt með Vilmundi og fleirum okkar að sjá flísina í auga náungans en ekki bjálkann í eigin auga.

JS



Færeyjafarar 1977. Kórinn ásamt stjórnendum, planóleikara og skólástjóra.

Fyrsta hljómplata Skólakórs Garðabæjar með 17 lögum

FI — Kómin er út plata með söng 35 barna á aldrinum 9-13 ára úr Flataskóla í Garðabæ. Á plötunni eru 17 lög, upplestrar og fleira. Sex stúlkur syngja einsöng með kórnum. Plata þessi er gefin út í tilefni af 20 ára afmæli Flataskóla, áður barnaskóla Garðahrepps, en hann er nú að ljúka sínu 20. starfsári.

ekki birzt áður eða verið sungin utan skólans.

Skólakór Garðabæjar var formlega stofnaður 1. des. 1976. Hann hefur sungið víða fyrir félagsamtök á sjúkrahúsum og hælum og við kirkjulegar athafnir. Hann kom fram á landsmóti isl. barnakóra í marz 1977, fór í söngför til Færeyja vorid 1977 og fer í söngferðalag til Norðurlands dagana 4.-7. maí nk. og syngur (með öðrum kórnum) í Stórutjarnaskóla 4. maí, í Hafnalækjarskóla 5. maí, að Laugum í Reykjadal sama dag, í Húsavíkarkirkju 6. maí og í Akureyrarkirkju sunnudaginn 7. maí.

Stofnendur Skólakórs Garðabæjar voru Guðmundur Norðdahl og Guðfinna Dóra Ólafsdóttir, en þau stjórna kórnum nú.

Þetta er fyrsta plata, sem gefin er út í Garðabæ. Aðeins 450 eintök verða til sölu og dreifingar. Í frett frá kórnum segir, að hún geti því orðið verðmatur minjagripur, er fram líða stundir og að sjálfsögðu góð sumargjöf.

A hlíð eitt eru íslensk og erlend þjóðlög og barnagælur og eru lög in eftir Jöranni Viðar, Jón Þórarinnsson, Jón Asgeirsson, Egil Friðleifsson, Lajos Bardos, Mozart og fl. Höfundar texta eru m.a. Jónas Hallgrímsson, Kristján frá Djúpalek, Hildgunnur Halldórsdóttir.

A hlíð tvö eru eingöngu frum-samin lög eftir annan söngstjóra kórsins, Guðmund Norðdahl. Lögin eru öll samin við texta úr barnaleikritum Ragnheiðar Jónsdóttur rithöfundar, Hlyna kóngssyni og Sæbjörtu, og urðu til á árs hátíðum skólans. Hafa þau

KRABBAMEIN VILMUNDAR GYLFASONAR

Miðvikudaginn 12. apríl var Vilmundur Gylfason á fundi að ræða við væntanlega kjósendur sína. Alþb. getur þess 15. apríl, að hann hafi rætt um Samband íslenskra samvinnufélaga, ólýðræðislega uppbyggingu þess og m.a. sagt, að almennir félagsmenn ættu að kjósa framkvæmdastjóra og forstjóra Sambandsins beinum kosningum.

Ræður Vilmundar hafa ekki verið birtar orðréttar, en greinagóður og vandaður fundarmaður segir mér, að hann hafi tekið til orða á þessaleið: „Sambandið er krabbamein í íslensku efnahagslífi sem þarf að uppræta.“

Nú hef ég að sönnu reynslu af því, að Vilmundi virðist láta mun betur að slá fram gífurlydum en að ræða mál til hlítar. Eg tel nokkurn veginn fullreynt, að hann fæst ekki til að ræða eða rökstyðja fyrri hrópyrði sín um samvinnuhreyfinguna. Hins vegar lætur hann ekki af ádeilum og briggjum á mannfundum.

Þar sem Vilmundur sækist eftir því að komast á þing er það gagnlegt almenningi að vita hvort hann er maður til að standa við orð sín og ádeilur og hvort hann hefur einhverjar skoðanir um það hvernig eigi að skipa málum og stjórna.

Því vil ég nú enn leggja að Vilmundi að birta svör við þeim spurningum sem á eftir fara.

Jafnframt bendi ég á að svari hann engu munu margir eða flestir telja að hann sé ekki maður til þess og hafi jafnvel enga skoðun á sumum þeim málum sem hann hrópar hæst um og þar sem hann atyrðir aðra freklegast.


1. Hefur samvinnuhreyfingin glatað einhverjum hugsjónum sem einkenndu hana í upphafi og hverjar eru þær, ef svo er?

2. A samvinnuhreyfingin eitthvað vangert við bændur og hvað er það þá helzt?

3. A að reka verzlun á félagslegum grundvelli? Ef svo er, hvernig á þá að haga henni við innflutning, útflutning og smásölu?

Þessar spurningar læt ég nægja að sinni. Ætlist Vilmundur til þess að hann verði gerður pólitískur landlæknir fer vel á því, að hann geri nánari sjúkdómsgreiningu á krabbameini því, sem hann talaði um 12. apríl.

H.Kr.



Lífrænar víddir Vilhjálmur Bergssonar

Síðastliðinn sunnudag lauk á Kjarvalsstöðum málverkasýningu Vilhjálmur Bergssonar listmálara en þar var hann með stóra sýningu, eins konar yfirlitssýningu sem snérist um vinnu síðasta áratugar eða svo. Vilhjálmur Bergsson gaf sýningunni nafnið „Lífrænar víddir“ sem mun vera víða til síðs ennþá þótt velflestir hafi nú hætt því hér á landi a.m.k. en nöfn af þessu tagi gefa þó vissa ábendingu um innihaldið: þær eru því eins konar farmskirteini manns sem kemur af hafi.

„Lífrænar víddir“

Vilhjálmur Bergsson mun hafa dvalizt í Kaupmannahöfn og á meginlandi Evrópu undanfarin ár, þar sem hann hefur starfað að myndlist og tekið þátt í mörgum sýningum. Í viðtali við blað hefur hann gefið í skyn að hann stefni að Evrópufræð með list sinni og má það vel vera, því hún hefur að minnsta kosti öll þau ytri einkenni sem nauðsynleg eru til fræðar og frama í heimi myndlistarinnar, sum sé að myndirnar eru allar líkar hver annarri. Málariinn er með öðrum orðum ávallt að mála sömu myndina, aftur og aftur, en skýrum það nú ögn betur.

Það er staðreynd að þeir málara sem nú ná fræðó, ná henni innan mjög takmarkaðs

sviðs. Agætt dæmi um þetta var sýning Hundertwassers hér um árið. Hann málaði spirala og notaði sömu litina í allar myndirnar. Hætti sér ekki frá þessu viðfangsefni né í fjarskyld afbrigði í t.d. lit eða formi. Sama gera hundruð manna ef ekki þúsundir. Velja sér hlutskipti þröngt sérsvið, eða sérgrein og síðan þylja þeir hinn gregoriska söng í áraraddir og bíða fræðar.

Við þessar aðstæður er ekki að vænta mikillar fjölbreytni þótt viss þróun eigi sér stað.

Eg sá sýningu Vilhjálmur Bergssonar mér til mikillar ánægju. Myndir hans minna á örverulíf, sólkerfi eða líffæri geymd í formalini eða sírópi á glösum. En hvað um það, þótt hlíðstæður sé erfitt að skýra.

Það sem einkennir þessar myndir er vandvirni og kunnátta til verka. Margir ágætir myndlistarmenn virðast hafa nægir hugmyndir til myndsköpunar en verður lítið úr efni sínu vegna slakrar verkunnátta og skorts á vandvirkni.

Vilhjálmur Bergsson notar litablöndur sem þekktar eru úr verkum gömlu meistaranna. Vissar olíur gera litina „transparent“ og valda speglun, endurskini. Við þessar olíur heldur Vilhjálmur sig alltaf í olíumyndunum. Þær eru ásamt myndefninu sólkerfum og undarlegum lífrænum viddum, tákn þessara mynda. Gildi þessara litla verður auðsætt, þegar

maður skoðar teikningar Vilhjálmur sem ná ekki hugblá olíumyndanna þótt góðar séu.

Við dæmst að þeirri síðfagun sem var yfir þessari stóru sýningu og við virðum þessi meinelæti í alla stadi og spáum að Evrópufræðin komi þótt auðvitað verði hún að bíða síns tíma.

Vilhjálmur mun hafa haldið sína fyrstu sýningu í Reykjavík árið 1961 þá enn við nám í París, þannig að hann hefur öðl-azt góða reynslu sem málari, enda voru viðtökur manna góðar og margar myndir seldust.

A sýningu Vilhjálmur voru að þessu sinni 75 myndir, 63 olíumyndir og 12 teikningar.

Myndnófnin eru líka áhuga-verð og segja sína sögu um hugarheim málara og hið strangt afmarkaða ástand, en meðal nafna eru:

Után hrings og innan, Þri- tengslahlvel, Nökkvasvíf, Lífmíðja, Baugavefur, Þensla, Verðandi, Jafnvægi, Lífræn til- brigði, Rúmbygging og Samstirni.

Teikningarnar eru settar skör lægra og heita ekkert.

Myndirnar eru málaðar á árunum 1970-1978 og hefur málariinn því setið inni í þessum hugarheimi í a.m.k. átta ár.

Um framhald er óráðið, ekkert nýtt verður a.m.k. ráðið af þessari sýningu, hvað sem síðar verður.

Jónas Guðmundsson

18-300
Auglýsingadeild Tímans